

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 55/2001**

**frá 18. maí 2001**

**um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2000 frá 27. október 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt aðlögunarlið a) í 1. mgr. II. hluta í 1. lið a í VII. viðauka við samninginn (tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE<sup>(2)</sup>) hefur Noregur farið fram á breytingar á viðauka C við tilskipun 92/51/EBE vegna samningsins.
- 3) Þar sem breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi á menntun iðn- og starfsmenntakennara, sem og skrudgarðyrkjumeistara og tannfræðinga er nauðsynlegt að bæta fyrstu starfsgreininni við viðauka C og fella hinar tvær síðarnefndu brott úr honum.
- 4) Vinnuhópurinn sem um getur í aðlögunarlið a) í b-lið 1. mgr. II. hluta í 1. lið a í VII. viðauka við samninginn (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) hefur tekið jákvæða afstöðu til beiðni Noregs.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 7, 11.1.2001, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 2, 7.11.2001, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Í aðlögunarlið b) í b-lið í 1. lið a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn komi eftirfarandi í stað málsgreinarinnar sem hefst á orðunum „Í Noregi“ og endar á orðunum „... titillinn „Mester““,

### Í Noregi

Menntun fyrir:

- iðn- og starfsmenntakennara („yrkesfaglærer“)

sem felst í námi og þjálfun í átján til tuttugu ár samanlagt, þar með talið níu til tíu ár í grunnskóla og á lægri stigum framhaldsskóla, að minnsta kosti þriggja til fjögurra ára nám á námssamningi, eða að öðrum kosti tvö ár í starfsmenntaskóla og tvö ár á námssamningi, sem lýkur með prófi í greininni eða sveinsbréfi, fagleg reynsla sem iðnaðarmaður í að minnsta kosti fjögur ár, frekara fræðilegt iðnnám í að minnsta kosti eitt ár og eins árs nám í fræðilegum og hagnýtum uppeldisfræðum.“

### 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. maí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 18. maí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes*

*M. Brinkmann*